

Ágætu íbúar á Fljótsdalshéraði

Pegar ákveðið var að boða til hefðbundins **borgarafundar**, sem haldinn verður í Egilsstaðaskóla **priðjudaginn 10. maí nk.**, þar sem farið verður yfir ársreikning Fljótsdalshéraðs vegna ársins 2015 auk þess sem framundan er á yfirstandandi ári og komandi árum, þótti ástæða til að taka saman yfirlit í fréttabréfsformi þar sem farið væri yfir það helsta sem átt hefur sér stað í rekstri sveitarfélagsins á árinu 2015. Það er von okkar að með þessu öðlist íbúar sveitarfélagsins gleggri upplýsingar um þá starfsemi sem rekin er á vegum sveitarfélagsins og hugsanlega muni þetta veita svör við spurningum sem kunna að brenna á fólki eða þá að spurningar kunna að vakna sem hægt verður þá að leita svara við með því að mæta á umræddan borgarafund eða þá með því að hafa beint samband við okkur sem störfum á ykkar vegum hjá sveitarfélaginu.

Eins og fram kemur í skipuriti stjórnýslu sveitarfélagsins þá skiptist rekstur sveitarfélagsins upp í þrjú svið, Stjórnýslu- og fjármálasvið, Fjölskyldu- og frístundasvið og Skipulags- og umhverfissvið, auk þess að í tengslum við sveitarfélagið starfa sjálfstæð félög og/eða byggðasamlög er sinna ákveðnum málaflokkum er tengjast rekstri þess. Stærst og veigamest þessara félaga er Hitaveita Egilsstaða og Fella ehf. sem er alfarið í eigu sveitarfélagsins og sinnir veitustarfsemi þess (frá-, hita- og vatnsveitu).

Í tengslum við framangreind svið starfa 8 nefndir skipaðar kjörnum fulltrúum auk bæjarráðs og bæjarstjórnar. Meginhlutverk nefnda er stjórn og stefnumótun í samræmi við landslög og samþykktir sveitarfélagsins en framkvæmd er í höndum 6 deildarstjóra er heyra undir framkvæmdastjórn bæjarstjóra.

Björn Ingimarsson,
bæjarstjóri



BÆJARSTJÓRN

BÆJARRÁÐ

Stjórnsýsla & fjármálasvið

Ungmennaráð Jafnréttisnefnd

Fjölskyldu- & frístundasvið

Íþrótt-
& tómstundanefnd

Atvinnu-
& menningarnefnd

Félagsmála-
& barnaverðarnefnd

Fræðslunefnd

Skipulags- & umhverfissvið

Náttúruverðarnefnd

Umhverfis-
& framkvæmdanefnd

Ársalir b.s
Brunavarnir á Héraði
Fasteignafélag lðavalla ehf
Félagslegar íbúðir
Hitaveita Egilsstaða og Fella
Hjúkrunarheimilið Dyngja
Minjasafn Austurlands
Sláturhúsið Menningarsetur ehf



BÆJARSTJÓRI

SKRIFSTOFU-
& STARFSMANNASTJÓRI

FJÁRMÁLASTJÓRI

FRÆÐSLUSTJÓRI

FÉLAGSMÁLASTJÓRI

ATVINNU-, MENNINGAR-,
& ÍÞRÓTTAFULLTRÚI

SKIPULAGS-
& BYGGINGARFULLTRÚI



Starfsfólk skrifstofu félagsþjónustunnar




Stjórnsýsla á öskudegi

Málaflokkur 21

Stjórnsýslu- og fjármálasvið

Í málaflokk 21 sem samanstendur af stjórnsýslu- og fjármálasviði var varið 164,7 millj. kr. á árinu 2015. Stöðugildi eru 10,3 fyrir bæði svið.



Stjórnsýsla

Deildarstjóri: Stefán Bragason, skrifstofu- og starfsmannastjóri

Stöðugildi á stjórnsýslusviði eru 4,9.

Á liðnu ári var ákveðið að hefja vinnu við endurgerð heimasíðu sveitarfélagsins. Eftir forskoðun var niðurstaðan að semja við fyrirtækið Stefnu á Akureyri um gerð síðunnar, en frá því fyrirtæki eru m.a. heimasíður grunnskólanna á Fljótshéraði. Stefna hefur líka gert margar heimasíður fyrir sveitarfélög og á árinu 2015 átti fyrirtækið tvo af fimm stigahæstu opinberum vefum, samkvæmt niðurstöðum matsnefndar. (UT vefurinn)

Jafnframt var ákveðið að semja við fyrirtækið Bókstaf á Egilsstöðum um að endurskrifa texta á heimasíðunni. Stefnt að því að hún verði tekin í notkun á útmánuðum 2016. Kostnaður á árinu 2015 nam um 3 millj. kr.

Á árinu 2015 var einnig farið í að uppfæra bókhaldskerfið sem Fljótshérað notar. Einnig var á árinu 2015 farið í uppfærslu á launakerfinu sem sveitarfélagið notar og fenginn nýr áætlunarteningur, sem gerir allar launaáætlanir nákvæmari. Nokkur vinna er þó við það að setja inn allar grunnforsendur, en að þeirri vinnu lokinni auðveldar þetta reiknitól mjög alla áætlanagerð varðandi launagreiðslur.

Í byrjun árs var tekinn í notkun samfélagsvefurinn Betra Fljótshérað, þar sem íbúar geta komið málum í umræðu og umfjöllun. Þau tvö mál sem þar fá mest fylgi í hverjum mánuði, eru svo tekin til umfjöllunar hjá viðkomandi nefndum sveitarfélagsins og eiga að fá þar formlega afgreiðslu. Íbúar hafa verið misduglegir að nýta sér þennan vettvang, en þó hafa 18 mál ratað af þessum vef inn í nefndakerfi sveitarfélagsins. Einnhverjar af þessum hugmyndum hafa þegar komist í framkvæmd, en aðrar eru í athugun eða vinnslu. Í lok ársins voru tryggingar sveitarfélagsins og undirfyrirtækja boðnar út, fyrir næstu 2 ár. Lægsta tilboðið kom frá tryggingarfyrirtækinu Sjóvá og samþykkt að ganga frá samningi á grundvelli tilboðsins.

Mikið hefur verið kvartað um lélegt netsamband í dreifbýli sveitarfélagsins undanfarin ár og ýmislegt verið skoðað í því sambandi á vegum Fljótshéraðs, þó fjarskiptamál séu á verksviði ríkisvaldsins. Sýnt þótti að löng bið geti orðið á því að dreifbýlið verði ljósleiðaravætt, en mikil óvissa er um fjármagn til þeirra framkvæmda að hálfu ríkisins og regluverkið í kring um fjarskiptamál er ekki það einfaldasta. Bæjarstjórn ákvað því að stökkva á vagninn með fyrirtækinu Rafey, sem er nú að setja upp nýtt og öflugt örbylgjusamband í dreifbýlinu og styrkja uppbyggingu þess með fjárframlagi. Á það að veita mjög ásættanlega lausn á netsambandi, þangað til verður af ljósleiðaravæðingu sveitanna, samkvæmt tillögu til þingsályktunar um háhraðanettengingar í dreifbýli. Rafey hefur nú þegar tengt tugi heimila á Fljótshéraði inn á þetta örbylgjusamband og virðist þessi lausn vera að skila góðu sambandi. Unnið verður að því næstu vikur og mánuði að tengja þau heimili í dreifbýlinu, sem óska eftir að tengjast netinu með þessum hætti.

Fulltrúar Fljótshéraðs sóttu vinabæjarmót í Skara í Svíþjóð í júní sl. en þar hittust fulltrúar frá vinabæjum Fljótshéraðs á Norðurlöndunum. Næsta vinabæjamót verður haldið á Fljótshéraði árið 2017.

Vinabæjarsamskipti við Runavík í Færeyjum voru líka á dagskrá. Fljótshérað sendir árlega jólatré til Runavíkur og fær á móti senda ýmsa listmuni, eða listaverkabækur frá Runavík. Á menningarsviðinu voru þau tengsl helst að Breki Mánason raftónlistarmaður fór sem fulltrúi sveitarfélagsins á menningarhátíð sem haldin er í Runavík á haustdögum. Að þessu sinni komu ekki gestir frá Runavík á Ormsteiti, eins og stundum hefur verið.

Ársfundur jafnréttisnefnda var haldinn í Valaskjálfi á Egilsstöðum 8. og 9. október og sá Fljótshérað um skipulag hans, í samráði við Jafnréttisstofu. Um 30 fulltrúar sóttu fundinn, en nokkra athygli vakti hve fáir fulltrúar komu frá Austurlandi, þó þeir ættu hvað styst að fara að þessu sinni.

Fjármálasvið

Deildarstjóri: Guðlaugur Sæbjörnsson, fjármálastjóri

Stöðugildi á fjármálasviði eru nú 5,4. Verkefni eru tengd uppgjörum, launavinnslu, innheimtumálum, bókhaldi og fjármálastjórnun. Að auki kemur fjármálasvið að vinnu við gerð fjárhagsáætlana og skýrslugerð f.h. sveitarfélagsins.

Ársreikningur 2015

Ársreikningur fyrir árið 2015 var afgreiddur í seinni umræðu í bæjarstjórn Fljótshéraðs þann 20. apríl sl.

Heildarvelta A –hluta sem er hinn eiginlegi sveitarsjóður nam um 3,3 milljörðum á árinu 2015. Heildarvelta samstæðureiknings Fljótshéraðs nam um 3,7 milljörðum en þar undir eru þá komin til viðbótar við A hlutann undirfyrirtækin svo sem Hitaveitan, Hjúkrunarheimilið Dyngja, Félagslegar íbúðir, Ársalir bs., Minjasafnið, Fasteignafélag lðavalla ehf og Brunavarnir á Héraði.

- Afkoma af rekstri Fljótshéraðs fyrir árið 2015 var jákvæð um 45,3 millj. kr. samkvæmt samstæðureikningi sveitarfélagsins en fjárhagsáætlun 2015 með viðaukum gerði ráð fyrir 37 millj. kr. rekstrarafgangi. Afkoma A hluta var jákvæð um 10,8 millj. kr. en fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir 27,3 millj. kr. rekstrarafgangi.
- Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir, fjármagnsliði og tekjuskatt (EBITDA) í samstæðureikning Fljótshéraðs var jákvæð um 755 millj. kr. á árinu 2015 eða 20,25% í hlutfalli af rekstartekjum.
- Í A hluta nam EBITDA 495 millj. kr. á árinu 2015 eða 15% í hlutfalli af rekstartekjum. Fjármagnsliðir voru 90 millj. kr. lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Þar vegur mest annarsvegar að verðbólga á árinu


2015 reyndist mun lægri en í forsendum fjárhagsáætlunar eða sem nemur 30 millj. kr. og hinsvegar að breytingar á reikningskilum fyrir Hjúkrunarheimili frá forsendum fjárhagsáætlunar valda því að fjármagnsliðir urðu 60 millj. kr. lægri en í áætlun fyrir árið.

- Veltufé frá rekstri nam 461 millj. kr. á árinu 2015 í samstæðu A- og B hluta eða

fé A hluta er jákvætt um 137 millj. kr. í árslok 2015.

- Skuldir og skuldbindingar samstæðu A- og B hluta námu í árslok 2015 um 8.792 millj. kr. og hækka um 243 millj. kr. frá árinu 2014 sem skýrist meðal annars af 330 millj. kr. lántöku vegna byggingar á nýju hjúkrunarheimili. Ríkissjóður mun á

Veltufé frá rekstri í millj. kr.




13% í hlutfalli af rekstartekjum. Veltufé frá rekstri í A hluta nam 294 millj. kr. eða 9% í hlutfalli af rekstartekjum.


- Eigið fé var jákvætt í árslok 2015 um 187 millj. kr. í samstæðu A- og B hluta. Eigið

næstu 40 árum greiða sinn hluta í þeirri framkvæmd í formi leigugreiðslu. Skuldaviðmið skv. reglugerð um fjárhagsleg viðmið fyrir samstæðureiknings A og B hluta er 207% í árslok 2015 en skal skv. sveitarstjórnarlögum vera 150%.

Skuldaviðmið




EBITDA í millj. kr.



Samkvæmt aðlögunaráætlun sem Fljótshérað samþykkti árið 2012 og tók til endurskoðunar á árinu 2014 er það markmið sveitarfélagsins að skuldaviðmiðið verði komið niður fyrir 150% árið 2019. Afkoma á árinu 2015 og þróun verðbólgu undanfarin misseri styrkir verulega að þau markmið gangi eftir á tilsettum tíma.

- Skuldir og skuldbindingar í A hluta nema 5.459 millj. kr. í árslok 2015 og lækkuðu um 59 millj. kr. frá árinu 2014. og er skuldaviðmið A hluta er 160% í árslok 2015 og er áætlað að það verði kringum 150% í árslok 2016.

Skuldir og skuldbindingar í millj. kr.



- Rekstartekjur sveitarfélagsins námu 3.729 millj. kr. á árinu 2015 sem er 335 millj. kr. hærra en árið 2014 eða 10% hækkun tekna á milli ára. Þar af námu útsvarstekjur og fasteignaskattar 1.765 millj. kr. sem er 113 millj. hækkun á milli ára eða 6,9%. Greiðslur úr Jöfnunarsjóði námu 980 millj. kr. sem er 72 millj. kr. hækkun á milli ára eða 7,9%. Aðrar rekstartekjur námu 1.002 millj. kr. og nemur hækkun á milli ára 150 millj. kr. eða 17,7%.
- Launakostnaður sveitarfélagsins nam 1.844 millj. kr. sem er um 204 millj. kr. hækkun frá árinu 2014 og nemur hlutfallsleg hækkun um 12,5%. Þar af hækkaði útreiknuð lífeyrisskuldbinding sveitarfélagsins um 37 millj. kr. frá fyrra ári. Launakostnaður á árinu 2015 var 126 millj. kr. hærra en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir sem þýðir hækkun umfram áætlun um rúm 7%. Áhrif kjarasamninga sem gerðir voru í desember nema um 48 millj. kr. Að auki nam leiðrétting vegna starfsmats 31 millj. kr. sem náði aftur til 1. maí 2014. Áhrif nýrra kjarasamninga við grunnskólakennara námu um 24 millj. kr.
- Annar rekstarkostnaður án afskrifta og fjármagnsliða nam 1.130 millj. kr. á árinu 2015 sem er hækkun um 105 millj. kr. frá árinu 2014 eða 10,2% breyting á milli ára.
- Fjármagnsliðir í samstæðu A- og B hluta námu 415 millj. kr. og eru 90 lægri en gert var ráð fyrir í samþykktri fjárhagsáætlun.
- Fjármagnsliðir A hluta námu 311 millj. kr. og eru 20 millj. lægri en í samþykktri fjárhagsáætlun.
- Áætlanir sveitarfélagsins fyrir tímabilið 2016-2019 gera svo ráð fyrir að framlegð í rekstri sveitarfélagsins verði áfram vaxandi og á árinu 2016 verði veltufé frá rekstri jákvætt um 621 millj. kr. á meðan afborganir af skuldbindingum nemi 511 millj. kr. Rekstrarafkoma Fljótshéraðs hefur frá og með árinu 2012, staðið undir greiðslubyrði lána og er það markmið sveitarfélagsins að sú þróun haldist sbr. langtímaáætlun sveitarfélagsins.

- Á árinu 2012 var gerður samningur við Velferðarráðuneytið vegna byggingar á nýju hjúkrunarheimili á Egilsstöðum og er áfallinn framkvæmdakostnaður í árslok 2015 um 1.584 millj. kr. Fljótshérað á og fjármagnaði mannvirkni að fullu en Ríkissjóður mun skv. samningnum greiða sinn hlut í byggingarkostnaði með leigugreiðslum næstu 40 ár eftir að húsnæðið er tekið í notkun sem var 12. mars 2015. Mánaðarleiga sem ríkið greiðir í dag nemur um 7,2 millj. kr. sem fer í niðurgreiðslu lána vegna framkvæmdarinnar sem verða greidd niður að fullu á 20 árum. Í ársreikningi Hjúkrunarheimilis er núvirtur leigusamningur við ráðuneytið að fjárhæð kr. 1.003 millj. kr. færður meðal langtímakrafna.
- Þess má geta að höfðingleg gjöf barst í árslok þegar Kristmann Jónsson og Sigurlaug Stefánsdóttir komu færandi hendi og lögðu fram 3 millj. kr. sem ætlað er til búnaðarkaupa og sköpun félagsaðstöðu (Hamar) á efstu hæðinni í Dyngju.
- Fjárfestingar námu 604 millj. kr. á árinu 2015, þar af fóru 324 millj. kr. í byggingu á nýju hjúkrunarheimili. Hitaveita Egilsstaða og Fella varði 145 millj. til fjárfestinga á árinu 2015. Fjárfestingar í gatnakerfi námu um 43 millj. kr. og til íþróttamiðstöðvarinnar á Egilsstöðum var varið 49 millj. kr. sem er vegna áhaldageymslu og kostnaður vegna parketsgólfs á íþróttasal. Aðrar fjárfestingar námu 43 millj.

kr. sem eru ýmis smærri verkefni en þar má nefna 15 millj. vegna framkvæmda við tjaldsvæðishús og plan og 16 millj. kostnaður vegna starfsleyfis fyrir urðunarstað á Tjarnarlandi. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að 412 millj. kr. yrði varið til fjárfestinga á árinu 2015 og liggja frávik umfram áætlun í framkvæmdum við hjúkrunarheimili (123 millj.), Hitaveitu (45 millj.) og íþróttamiðstöð (40 millj.).

Ársreikning 2015 er hægt að nálgast á heimasíðu Fljótshéraðs.

Fjárhagsáætlun 2016 - 2019:


Bæjarstjórn Fljótshéraðs samþykkti 3ja ára áætlun fyrir sveitarfélagið á fundi sínum þann 1. desember 2015. Þar er gert ráð fyrir jákvæðum rekstarafgangi öll árin 2016 til 2019 og að hann fari vaxandi.

Það sem einkennir áætlanir fyrir umrædd ár er áhersla á aðlögun á rekstri og efnahag sveitarfélagsins að þeim viðmiðum sem ný sveitarstjórnarlög setja.

Áhersla er lögð á aðhald í rekstri þannig að framlegð (EBIDTA) fyrir afskriftir og fjármagnsliði haldist áfram há, veltufé frá rekstri nái að standa undir afborgunum langtímalána og að skuldahlutfall sveitarfélagsins fari stíglækkandi þannig að eðlilegum viðmiðum verði náð innan þess tíma sem til þess er ætlaður. Nauðsynlegt er að væntingar til áframhaldandi afkomubata á yfirstandandi ári gangi eftir því slíkt mun leggja grunn að bættri afkomu árin 2017, 2018 og 2019. Þetta er nauðsynlegt til að tryggja greiðsluhæfi sveitarfélagsins til framtíðar gagnvart þeim skuldbindingum sem á því hvíla, auk þess að gera því kleift að ráðast í þær fjárfestingar sem gera æskilega framtíðarþróun samfélagsins mögulega.

Með hliðsjón af þeim árangri sem þegar hefur náðst í rekstri sveitarfélagsins, og lesa má m.a. úr ársreikningi síðasta árs, er full ástæða til að ætla að settum markmiðum verði náð.

Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili, í millj. kr.



Fjölskyldu- og frístundasvið

Atvinnu-, menningar- og íþróttamál

Deildarstjóri: Óðinn Gunnar Óðinsson, atvinnu-, menningar- og íþróttafulltrúi

Menningarmál

Til menningarmála var varið 104 millj. kr. á árinu 2015. Stöðugildi eru 3,1 í dag.

Á árinu 2015 var unnið að gerð menningarstefnu fyrir Fljótshéraðs. Það er starfshópur fulltrúa allra framboðanna í bæjarstjórn ásamt starfsmanni sem leiðir vinnuna. Í febrúar 2015 var haldinn fjölmennur íbúafundur um menningarmál auk

er fætt árið 2004 en það elsta árið 1931 og form og efnistöð eru af ólíkum toga.

Nýr forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Fljótshéraðs var ráðinn síðastliðið sumar, Unnar Geir Unnarsson. Unnar tók við starfinu af Halldóri Warén. Unnar er menntaður leikari, leikstjóri og söngvari og hefur nýlengi námi í menningarstjórnun.


Bæjarstjórn Fljótshéraðs tók ákvörðun um það á árinu að viðbygging við Safna-

Íþrótt- og æskulýðsmál

Íþrótt- og æskulýðsmál eru þriðja stærsta verkefni sveitarfélagsins en til þeirra mála var varið um 262 millj.kr. eða 9,4% af skatttekjum. Stöðugildi málaflokks eru 19,6.

Félagsmiðstöðvar Afrek og Nýung voru sameinaðar á árinu og tók ný félagsmiðstöð fyrir börn og unglunga formlega til starfa 1. september síðastliðinn. Upphaf sameiningar miðstöðvanna má rekja til tillögu ungmennaráðs og síðan könnunar meðal nemenda grunnskólanna árið 2014, þar sem mikill meirihluti var fyrir sameiningu þeirra. Með því að hafa félagsmiðstöð á einum stað er einnig markmiðið að nýta fjármuni, búnað og starfsfólk sem best auk þess að stuðla að því að börn og unglingar í sveitarfélaginu komi saman á einum stað, kynnist sem best og leiki og vinni saman sem heild. Til að auðvelda aðgengi að félagsmiðstöðinni er boðið upp á fríar strætóferðir á milli Fellabæjar og Egilsstaða í tengslum við opnunartíma miðstöðvarinnar. Húsnæðið þar sem Afrek var áður hýsir nú félags- og æfingaraðstöðu Leikfélags Fljótshéraðs og Leikfélags Menntaskólans á Egilsstöðum.

Síðastliðið sumar var tekinn í notkun sex körfu frísbíggvöllur í Tjarnargarðinum á Egilsstöðum. Að uppbyggingu vallarins




þess sem starfshópurinn hefur fundað með forstöðumönnum stofnana og fleirum um verkefnið. Menningarstefnunni er ætlað að draga fram hlutverk, áherslur og aðkomu sveitarfélagsins að menningartengdri starfsemi og listum. Fyrirhugað er að menningarstefnan verði samþykkt nú á vormánuðum.

Í október stóð Fljótshérað fyrir málþinginu Konur í stjórnámum – reynsla og lærdómur, í tilefni þess að á árinu var minnst 100 ára kosningaréttar kvenna á Íslandi.

Nokkrir gluggar og veggir á fjölförnum stöðum á Egilsstöðum og í Fellabæ skarta í fimmta sinn ljóðum. Á síðasta ári var auglýst eftir ljóðum frá konum, búsettum eða frá Fljótshéraði, í tilefni af 100 ára afmæli kosningarréttar kvenna á Íslandi. Alls bárust 39 ljóð frá 17 konum. Þau þrettán skáld sem eiga ljóð eða vísur á veggjum hinna ýmsu stofnana, verslana og veitingahúsa á Egilsstöðum og í Fellabæ, er næsta fjölbreyttur hópur. Sum hafa ort lengi og birt ljóð sín eða kvæði í bókum, tímaritum eða við annars konar tækifæri, en önnur eru að hefja sinn skáldskaparferil. Yngsta skáldið

húsið á Egilsstöðum og Sláturhúsið skyldu skilgreind sem menningarhús og eru viðræður hafnar við mennta- og menningarmálaráðuneytið um það. Málið byggist á ákvörðun ríkisstjórnar frá árinu 1999 þegar ákveðið var að ríkið kæmi að uppbyggingu menningarhúsa á landsbyggðinni og þá m.a. á Egilsstöðum. Fulltrúar mennta- og



menningarmálaráðuneytisins og sveitarfélagsins unnu á árunum 2007 og 2008 að þarfagreiningu og undirbúningi byggingar menningar- og stjórnsýsluhúss við Miðvang, en frá þeirri framkvæmd var síðar horfið.

komu, auk Fljótshéraðs, Ungmennafélagið Pristurinn og minningarsjóður um Pétur Kjerúlf studdi verkefnið myndarlega.



Karen Erla Erlingsdóttir tók við starfi forstöðumanns íþróttamiðstöðvar Fljótsdals-heraðs í upphafi síðasta árs. Karen er íþróttafraeðingur og með framhaldsmenntun í menningar- og íþróttastjórnun. Karen tók við starfinu af Hreini Halldórssyni, sem hafði gegnt því farsælega í þrjú áratugi.

Adda Steina Haraldsdóttir var ráðin tómtunda- og forvarnafulltrúi hjá Fljótsdals-heraði um miðjan janúar 2015. Adda Steina er þroskaþjálfari og sinnir að hluta til nýju starfi hjá sveitarfélaginu, en auk þess að hafa umsjón með ungmennahúsi, mun hún vinna að forvörnum barna og ungmenna á breiðum grunni.

Fljótsdalsherað og Skotfélag Austurlands gerðu með sér samning á síðasta ári þar sem sveitarfélagið styrkir brúargerð yfir Eyvindará við aðstöðu félagsins á Þuríðarstöðum. Brúin var tekin í notkun í ágúst og er mikil bót fyrir notendur skotsvæðisins.


Skipt var um gólf í íþróttahúsinu á Egilsstöðum síðast liðið sumar. Sami gúmmí- dúkurinn hefur verið á gólfinu frá því það var byggt og því komið að endurnýjun hans auk þess sem það gólfefni hentaði sumum íþróttagreinum illa. Þá var á árinu tekin í notkun ný 100 fermetra áhaldageymsla við íþróttahúsið. Hún var byggð til að létta á íþróttahúsinu sjálfu og auðvelda aðgengi m.a. að fjölmörgum og stórum áhöldum fimleikadeildarinnar.

Atvinnumál

Til atvinnumála var varið 53,3 millj. kr. á árinu 2015 eða 1,9% af skatttekjum. Stöðugildi málaflokksins eru 0,7.

Atvinnumálasjóður Fljótsdalsheraðs úthlutaði á árinu 2015 styrkjum til sex verkefna, alls rúmum tveimur milljónum króna. Verkefni voru af ýmsum toga, til að útbúa leiðsagða gönguferð um gamla þorpið á Egilsstöðum, til ræktunar hafþyrnis, til að gera

13 Atvinnumál á verðlagi í dag



rekstrar- og markaðsrannsókn vegna stofnunar bruggverksmiðju, vegna viðarkurlara, til gerðar viðskipta- og kostnaðaráætlunar vegna Ylstrandar og vegna menningartengdrar ferðapjónustu á Mjóanesi.

Fljótsdalsherað og Fjarðabyggð hafa undanfarin misseri unnið saman að því gera sveitarfélögin að Þjónustumiðstöð Norðurlóða. Verkefnið er tilkomið vegna leitar að olíu á Drekasvæðinu, norður í hafi. Markmiðið er að gera svæðið að öflugum valkosti fyrir þá leyfishafa sem vinna rannsóknir, tilraunaboranir og hugsanlega vinnslu á Drekasvæðinu. Saman eru sveitarfélögin vel í stakk búin til að takast á við verkefnið, Fjarðabyggð vegna góðrar hafnaraðstöðu og Fljótsdalsherað vegna Egilsstaðaflugvallar, en verkefnið gerir ráð fyrir umtalsverðri þyrlupjónustu ef til kemur.

Á árinu var hafist handa við að reisa þjónustuhús fyrir ferðamenn á Vatnsskarði og er fyrirhugað að það verði tilbúið í sumarbyrjun þessa árs. Verkefnið er samstarfsverkefni Fljótsdalsheraðs og Borgartjarðarhrepps og koma sveitarfélögin bæði að kostnaði þess auk þess sem Framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur stutt verkefnið myndarlega. Þjónustuhúsið samanstendur af tveimur litlum einingum, annars vegar salerni og hins vegar upplýsinga og útsýnisrými, s.k. „norðurljósastofu“. Fyrirhugað er að þjónustuhúsið verði upphafsstaður gönguleiða í Stóruðina.

Í janúar var undirritaður samningur milli Fljótsdalsheraðs, Afls starfsgreinafélags, Austurbrúar og AN Lausna um stofnun frumkvöðlasetursins Hugvangs sem aðsetur hefur að Kaupvangi 6 á Egilsstöðum. Tilgangur frumkvöðlasetursins er að veita aðilum með nýjar hugmyndir tækifæri og vettvang til að próa verkefni sín með aðkomu og aðstoð verkefnisstjóra setursins. Fyrirtæki og einstaklingar sem eru í Hugvangi mynda síðan stoðkerfi við slík verkefni, ef þörf er á.

Í febrúar var Egilsstaðastofa – gestastofa stofnuð, með samstarfi Fljótsdalsheraðs Þjónustusamfélagsins á Héraði, félagi verslunar-, þjónustu og ferðapjónustuaðila og Austurför sem jafnframt er rekstraraðilinn. Egilsstaðastofa er með aðstöðu í Kaupvangi 17, sem jafnframt er þjónustuhús fyrir tjaldsvæðið á Egilsstöðum. Tilgangur Egilsstaðastofu er að styrkja og efla upplýsingagjöf um Fljótsdalsherað sem áfangastað ferðamanna og verslunar- og þjónustumiðstöð. Einnig að leysa þörf fyrir almenningsalerni og bæta aðstöðu fyrir fólksflutningabíla í miðbæ Egilsstaða. Þannig voru á árinu tekin í notkun salerni í Egilsstaðastofu sem eru opin allt árið fyrir ferðamenn sem og aðra auk þess sem malbikaður var fyrsti áfangi bílastæðisins fram við húsnæðið.

Fræðslusvið

Deildarstjóri: Helga Guðmundsdóttir, fræðslustjóri

Fræðslumál eru langstærsti málaflokkurinn en til hans runnu 1.569 millj.kr. á árinu 2015 eða 57% af skatttekjum. Stöðugildi málaflökks eru 160,7.

Grunnskólar

Þær breytingar urðu á árinu 2015 að starfsemi Hallormsstaðaskóla var hætt, en síðasta starfsárið, skólaárið 2014-2015, var

Hallormsstaðaskóli starfræktur sem deild í Egilsstaðaskóla. Hallormsstaðaskóli á að baki tæplega 50 ára farsæla skólasögu en fækkun nemenda á undanförunum árum liggur að baki ákvörðun um að loka skólunum. Skólahverfi Hallormsstaðaskóla var sameinað skólahverfi Egilsstaðaskóla og húsnæði Hallormsstaðaskóla hefur verið selt.

Fljótsdalshérað starfrækir nú 3 grunnskóla, Egilsstaðaskóla, Fellaskóla og Brúarásskóla. Í Egilsstaðaskóla eru um 360 nemendur og þar eru starfsmenn við kennslu og önnur störf í um 53 stöðugildum. Í Fellaskóla eru um 100 nemendur og þar eru starfsmenn við kennslu og önnur störf í rúmlega 20 stöðugildum og í Brúarásskóla stunda um 40 nemendur nám og þar eru um 11 stöðugildi við kennslu og önnur störf. Vegna þess hversu dreifð byggð sveitarfélagsins er fylgir talsvert umfangsmikill skólaakstur grunnskólustarfsminni.

Leikskólar

Tveir sjálfstæðir leikskólar eru starfræktir í sveitarfélaginu, Tjarnarskógur á Egilsstöðum og Hádegishöfði í Fellabæ, auk þess sem starfrækt er leikskóladeild í samreknum leik- og grunnskóla í Brúarási. Nemendur í leikskólum sveitarfélagsins eru um 220. Í Tjarnarskógi eru rúmlega 170 nemendur á 8 deildum og alls eru starfsmenn í um 46 stöðugildum. Í Hádegishöfða eru um 40 nemendur á 2 deildum og starfsmenn eru í um 12 stöðugildum. Sjö nemendur eru í leikskóladeild Brúarásskóla, þar er starfsfólk talið með starfsfólki grunnskólans.


Skólamötuneyti

Sjálfstætt skólamötuneyti er starfrækt í húsnæði Egilsstaðaskóla. Þar er framleiddur hádegisverður fyrir grunn- og leikskólana á Egilsstöðum og í Fellabæ. 4 starfsmenn í um 3 stöðugildum starfa í mötuneytinu. Í Brúarásskóla er mötuneyti sem sér um skólamáltíðir fyrir leik- og grunnskólanemendum þar.


Tónlistarskólar

Þrjú tónlistarskólar starfa í sveitarfélaginu, á Egilsstöðum, í Fellabæ og Brúarási. Alls stunda um 250 nemendur tónlistarnám, en umfang náms einstakra nemenda er mismikið. Nemendur í Tónlistarskólanum á Egilsstöðum eru um 150 og þar eru


04 Fræðslumál á verðlagi í dag




Rekstur grunnskóla



Rekstur leikskóla á verðlagi í dag



Fjöldi barna í leikskóla og grunnskóla





stöðugildi í kennslu rúmlega 7, í Tónlistarskólanum í Fellabæ eru nemendur tæplega 70 og stöðugildi í kennslu rúmlega 3. Í Tónlistarskólanum í Brúarási eru tæplega 40 nemendur og kennarar í tæplega 2 stöðugildum sinna kennslunni. Starfsemi tónlistarskólanna er á öllum stöðum í sama

Ýmis verkefni

Leik- og grunnskólum ber skv. lögum að sinna innra mati á starfsemi sinni. Mikilvægur þáttur í því mati hjá skólunum á Fljótsdals-heraði er fyrirlögn á könnunum Skólapúlsins. Niðurstöður úr nemendakönnunum í grunnskólunum benda almennt til að nemendum

má að þeirra mati bæta upplýsingamiðlun og er sérstaklega að því hugað í þeim umbótum sem sem unnið er að á grundvelli niðurstaða.

Fljótsdalsherað undirritaði þjóðarsáttmála um læsi síðsumars.

Leik- og grunnskólar sveitarfélagsins taka þátt í sameiginlegu verkefni leik- og grunnskóla á Austurlandi sem hefur að markmiði að bæta námsárangur. Verkefninu er stýrt af Skólaskrifstofu Austurlands.

Á síðasta skólaári skilaði Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri niðurstöðum úttektar á starfi grunn- og tónlistarskóla í sveitarfélaginu. Fræðslunefnd hóf á haustdögum vinnu með niðurstöður úttektarinnar. Jafnframt var síðla haust 2015 hafinn undirbúningur að endurskoðun á Menntastefnu Fljótsdalsheraðs.



húsnæði og viðkomandi grunnskóli og náíð og gott samstarf er milli grunnskólanna og tónlistarskólanna. Í öllum tónlistarskólunum býðst nemendum að stunda tónlistarskólánám sitt á skólatíma í grunnskólanum.

líði vel í skólunum, niðurstaða er þar yfir meðaltali á landsvísi í flestum liðum. Foreldrar eru einnig almennt sáttir við starfsemi skólanna og stjórnun þeirra. Sama má segja um afstöðu foreldra leikskólabarna en þó



Félagsþjónusta

Deildarstjóri: Guðrún Frímannsdóttir, félagsmálastjóri

Til félagsþjónustu var veitt 399 millj.kr. eða 14,4% af skatttekjum og eru þar meðtalin málefni fatlaðs fólks sem sveitarfélagið hefur sinnt frá og með árinu 2011. Stöðugildi í félagsþjónustu eru 51,3.

Í árslok störfuðu alls 86 starfsmenn hjá Félagsþjónustu Fljótshéraðs, 15 karlar og 71 kona. Stöðugildin voru þó færri, þar sem nokkrir úr þessum hópi voru í

starfsfólki skóla og öðrum sérfræðingum. Rúmlega helmingur barnanna naut liðveislu á árinu og um þriðjungur þeirra fór í reglulegar heimsóknir til stuðningsfjölskylda. Að vera liðveitandi og stuðningsfjölskylda fyrir fatlað barn er gefandi starf og því rétt að nota þetta tækifæri til að hvetja fólk til þess að gefa kost á sér til þessara starfa á nýja árinu.

Ríflega þrjátíu einstaklingar hafa fengið heimsendan mat einhverja daga vikunnar, en mögulegt er að fá heimsendan mat alla daga vikunnar, flesta daga ársins. Nokkrir hafa valið að fá matarsendingarnar í Hlymsdali og borða matinn sinn þar í góðum félagskap. Tímstundastarf í Hlymsdölum sem er samstarfsverkefni félagsþjónustunnar og félagseldri borgara á Fljótshéraði er ætlað öllum íbúum á þjónustusvæðinu óháð aldri. Að jafnaði komu þangað daglega á milli 70 og 90 gestir á síðastliðnu ári.

Félagsþjónustan hefur samþykki Velferðarráðuneytis fyrir alls átta dagþjónusturýmum fyrir eldri borgara, markmið þeirrar þjónustu er að gefa elstu íbúum sveitarfélagsins kleift að búa á eigin heimili sem lengst. Fólk gefst kostur á að vera í dagþjónustunni frá klukkan 9.00 til kl. 16.00 og nýtur þar margvíslegrar þjónustu. Dagþjónustan er til húsa í Hlymsdölum og skiptu 19 einstaklingar með sér þessum átta plássum síðastliðið ár.



hlutastörfum, jafnvel allt niður í 10% sem liðveitendur eða heimaþjónustustarfsmenn. Stærstur hluti starfsmannahópsins sinnti sínum störfum í þjónustukjörnum fyrir fatlað fólk á Egilsstöðum þar sem veitt er sól- arhringsþjónusta. Fljótshérað er með þjónustusamning við Vopnafjarðarhrepp, Seyðisfjarðarkaupstað, Djúpvogshrepp, Fljótshéraðshrepp og Borgarfjörð eystri, sem er þess eðlis að Félagsþjónusta Fljótshéraðs sinnir vinnslu barnaverndarmála og almennri félagslegri þjónustu í þessum sveitarfélögum.

Félagsleg þjónusta er margþætt og hér á eftir verður stiklað á stóru varðandi nokkur verkefni síðast liðins árs.

Sértæk þjónusta við fatlað fólk

Á þjónustusvæði Fljótshéraðs fá á annað hundrað manns þjónustu á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks. Flest er þetta fullorðið fólk, sem fær aðstoð í formi ráðgjafar, liðveislu, frekari liðveislu, heimaþjónustu eða atvinnutengda aðstoð. Ríflega tuttugu fatlaðir einstaklingar fá sól- arhringsþjónustu á eigin heimili. Þjónustan er veitt eftir þörfum hvers og eins á hverjum tíma. Á þjónustusvæðinu eru um þrjátíu börn yngri en 18 ára með skilgreinda fötlun skv. viðmiði Tryggingastofnunar ríkisins. Mismikil þjónusta hefur verið á árinu við fjölskyldur þessara barna, en í flestum tilfellum þátttaka starfsmanna í teymisvinnu með foreldrum,

Á árinu var veittur 700 þúsund króna styrkur til náms- verkfæra- og tækjakaupa til alls tíu fatlaðra einstaklinga á þjónustusvæðinu. Á hvert er auglýst opinberlega eftir umsóknum vegna þessara styrkja.

Að vanda tók starfsfólk og notendur Stólpa, Hlymsdala, Ásheima og skrifstofu félagsþjónustunnar þátt í listahátíðinni List án landamæra sem fest hefur sig í sessi hér á Austurlandi.

Barnavernd og foreldranámskeið

Rúmlega sjöfjú barnaverndartilkynningar bárust á árinu vegna 55 barna, þar af voru 25 tilkynninganna vegna gruns um ofbeldi, 23 vegna gruns um vanrækslu barns og sami fjöldi tilkynninga vegna áhættu- hegðunar barns. Alls var veittur stuðningur inn á heimili 36 barna á grundvelli barnaverndarlaga. Til samanburðar má nefna að árið 2014 bárust 88 tilkynningar vegna 60 barna og stuðningur veittur inn á heimili 34 barna það árið.

Aðildarsveitarfélögum félagsþjónustunnar hefur staðið til boða foreldranámskeið undanfarin ár og þetta árið var slíkt námskeið haldið á Seyðisfirði í alls átta skipti 2 ½ tími í senn.

Heimaþjónusta, tímstundastarf og dægradvöl

Heimili á Fljótshéraði sem notið hafa heimaþjónustu á árinu eru rúmlega sjötíu.

Fjárhagsaðstoð

Á Fljótshéraði var rúmum átta milljónum varið í fjárhagsaðstoð til einstaklinga og fjölskyldna. Ef þessi upphæð er sundurliðuð kemur í ljós að rúmum tveim milljónum var varið til aðstoðar börnum, framfærslustyrkir voru rúmar þrjár milljónir, námsstyrkir rúmar tvær milljónir og sérfræðikostnaður og ýmsir aðrir styrkir um átta hundruð þúsund.

Fjárfesting í mannauði félagsþjónustunnar

Á árinu var ákveðið að kanna líðan starfsfólks félagsþjónustunnar. Gengið var til samstarfs við Forvarnir ehf sem gerði sál- félagslegt áhættumat á líðan hópsins. Í framhaldinu hafa verið haldnir opnir fræðslufundir fyrir starfsfólk auk bæði hóphandleislu á vinnustöðum og handleislu fyrir yfirmenn. Gert var ráð fyrir kostnaði vegna þessa innan rekstraráætlunar 2015. Framhald verður á samstarfi við Forvarnir ehf á árinu 2016 og gert ráð fyrir kostnaði þess eðlis í rekstraráætlun.

Framtíðarverkefni

Brýn verkefni innan félagsþjónustunnar sem þarf að vinna að er m.a. endurnýjun á ferðaþjónustubíl sveitarfélagsins og koma á fót búsetukjarna fyrir ungt fatlað fólk.

Skipulags- og umhverfissvið

Deildarstjóri: Ómar Þröstur Björgólfsson, skipulags- og byggingarfulltrúi

Urðunarstaðurinn Tjarnarlandi

Umhverfisstofnun gaf þann 8. júlí sl. út starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn Tjarnarlandi. Undirbúningur umsóknar um starfsleyfið hófst árið 2011 og var umsókn send Umhverfisstofnun í nóvember árið 2012.

Útboð á sorphirðu

Þann 15. október sl. voru opnuð tilboð í verkið „Sorphirða á Héraði og Seyðisfirði.“ Þrjú aðilar buðu í verkið og var ákveðið að ganga til samninga við Íslenska Gámafélagið sem átti lægsta boð. Íslenska Gámafélagið hefur séð um sorphirðu á Héraði síðan árið 2009 og sinnir henni skv. nýjum samningi til 30. september 2023.

Almenningssamgöngur

Almenningssamgöngur á Fljótsdalshéraði urðu, skv. ákvörðun bæjarstjórnar, gjaldfrjálsar þann 1. janúar 2015. Strætó gengur milli þéttbýliskjarnanna Egilsstaða og Fella-bæjar.

Skipulags- og byggingarmál

Lokið var við eftirtaldar aðalskipulagsbreytingar 2015:




Kröflulína 3 vegna fyrirhugaðrar háspennulínu frá Kröfluvirkjun í Fljótsdala, Urriðavatn vegna fyrirhugaðrar ylstrandar, Hvammur 2 og Efnistökusvæði á Heiðarenda.

Byrjað var á eftirtöldum aðalskipulagsbreytingum 2015 og eru í vinnslu: Egilsstaðaflugvöllur, Uppsalar, Ásgeirsstaðir, Fossgærði lóð 4, Mjóanes, Egilsstaðakollur og Eyvindará 2.

Lokið var við eftirtalin deiliskipulög 2015:

Miðás (suður) Brúnás, Tjarnarland breyting vegna urðunar sorps.

Byrjað var á deiliskipulagsbreytingu á Selbrekku efra svæði vegna fyrirhugaðrar vegtengingu við Norðfjarðarveg.



Malbikun gatna og göngustíga 2015

Kaupvangur 17 (tjaldsvæði)	Plan
Miðás	Suðurhluti
Tjarnargarður göngustígur	Laufskógar-Tjarnarlönd
Miðvangur 6	Bílastæði fyrir hjólastólanotendur
Fagradalsbraut 9 - 11	Plan
Hallormsstaður	Klæðning á götu að skólum
Árhvammur	
Tjarnarbraut	Gatnamót hjá Shell
Tjarnarás	Á móts við Flytjanda Lyngási 10
Kaupvangur 25	Við Samskip
Aðrar minniháttar endurbætur	Lagarbraut, rampur við Bónus, Miðvangur, Árskógar og Koltröð

Göngustígur frá Lagarfelli að íþróttahúsinu Fellabæ og Vatnsskarð bílastæði tilbúið til malbikunar.

Hitaveita Egilsstaða og Fella

Framkvæmdastjóri: Guðmundur Davíðsson



Hitaveita

Verkefni veitunnar eru eins og oft áður í viðhalds- og fyrirbyggjandi verkefnum m.a. voru endurlagðar nokkrar heimæðar hita-, vatns- og fráveitulagna. Nokkuð var um bilanir í dreifikerfi veitnanna, sem í flestum tilfellum má rekja til aldurs, efnisgæða og frágangs.

Rekstur hitaveitukerfis gekk vel að undanskyldum fyrr nefndum bilunum í lagnakerfi sem rekja má til aldurs lagna og bilunum í dælustöðvum sér í lagi í dreifbýlinu, sem flestar hafa orsakast af rafmagnstruflunum. Eldra dreifikerfi og heimæðar eru endurnýjaðar þegar tækifæri gefast t.a.m. vegna framkvæmda eða bilanna. Rafmagn á dælubúnað er 12,8 millj. kr. var 11,8 millj. kr. árið 2014. Eftirlits og rannsóknarvinna nam 1,3 millj. kr. á móti 1,1 millj. kr. árið 2014.

Rekstartekjur hitaveitukerfisins námu 109,1 millj. kr. á árinu 2015. Rekstrarkostnaður veitukerfis hitaveitunnar nam 70,2 millj. kr. Afskriftir ársins námu 43,2 millj. kr., fjármagnsliðir 29,6 millj. kr.

Kaldavatsveita

Kaldavatsöflun frá Köldukvísl á Eyvindarárdal hefur gengið vel og hafa gæði vatnsins verið mjög góð og stöðug frá upphafi, en dælt er úr þrem borholum. Heildarvatnsmagn frá Köldukvíslarvirkjun árið 2015 var um 580 þús. tonn, eða að meðaltali 18,4 l/sek. Rafmagnskostnaður á dælu var 2,7 millj. kr. 2015 var á fyrra ári 2,8 millj. kr.

Dreifikerfi vatnsveitunnar frá Köldukvísl nær yfir Egilsstaði, Fellabæ, að Ketilsstöðum á Völlum og að Finnsstöðum og Fossgerði í Eiðabínghá. Rekstur vatnsveitnanna á Brúarási, Eiðum og

Hallormsstað hefur gengið vel að mestu fyrir utan bilun er varð í fóðringu á borholu á Brúarási og hafa allar sýnatökur og eftirlit úr vatnveitukerfum staðist gæðakröfur.

Heildartekjur af álögðu vatnsgjaldi og vatnsölu skv. mæli nam um 84,4 millj. kr. og hækkaði um 1,1 millj. kr. frá árinu 2014. Rekstarkostnaður vatnsveitunnar nam 32,6 millj. kr. á árinu 2015. Afskriftir fastafjármuna námu 15,9 millj. kr. og fjármagnsliðir 9,4 millj. kr.

Fráveita

Álögð gjöld fráveitu voru 104,9 millj. kr. og er hækking frá fyrra ári um 4,7 millj. kr. Kostnaður við rekstur fráveitukerfis nam 53,3 millj. kr. auk þess nema afskriftir 27 millj. kr. og fjármagnsliðir 16 millj. kr.

Lögð hefur verið áhersla á þau verkefni fráveitu, þar sem því verður við komið, að skilja á milli skólps og regnvatns ásamt bakrásarvatni hitaveitu. Með þeim aðgerðum eykst geta hreinsivirkja til að standast mengunarkröfur og jafnframt lækka rekstrarkostnaður.

Nýframkvæmdir

Á árinu 2015 var fjárfest fyrir 145,3 millj. kr. Í hitaveitunni voru nýframkvæmdir fyrir um 104,8 millj. kr. í vatnsveitunni fyrir 26,2 millj. kr. og fráveitunni fyrir um 14,2 millj. kr. Dýrasti og umfangsmesti hlutinn var endurnýjun stofnlagna hitaveitu og vatnsveitu um Egilsstaðanesið, ásamt að gera göngu- og hjólréiðastígs sem lagnaleið frá þjóðvegi 1 á Egilsstaðanesi að Tjarnarbraut.



Yfirlit yfir fastanefndir á vegum Fljótsdalshéraðs og skipan aðalmanna

Bæjarstjórn	Sigrún Blöndal Gunnar Jónsson Pórður Mar Þorsteinsson Anna Alexandersdóttir Guðmundur Kröyer Árni Kristinsson Stefán Bogi Sveinsson Gunnhildur Ingvarsdóttir Páll Sigvaldason	forseti aðalm. aðalmaður 1. varaforseti aðalm. aðalm. 2. varaforseti aðalm. aðalm.
Bæjarráð	Gunnar Jónsson Anna Alexandersdóttir Stefán Bogi Sveinsson Sigrún Blöndal	formaður varaformaður aðalm. áheyrnarfulltr.
Kjörstjórn	Bjarni Björgvinsson Einar Rafn Haraldsson Pórunn Hálfðanardóttir	formaður aðalmaður aðalmaður
Fræðslunefnd	Davíð Þór Sigurðarson Hrund Erla Guðmundsdóttir Aðalsteinn Ásmundsson Soffía Sigurjónsdóttir Gunnhildur Ingvarsdóttir	formaður varaformaður aðalmaður aðalmaður aðalmaður
Félagsmálanefnd	Sigrún Harðardóttir Jón Jónsson Benedikt Hlíðar Stefánsson	formaður varaformaður aðalmaður
Atvinnu- og menningarnefnd	Guðmundur Sveinsson Kröyer Ragnhildur Rós Indriðadóttir Pórður Mar Þorsteinsson Gunnar Þór Sigbjörnsson Kristjana Jónsdóttir	formaður varaformaður aðalmaður aðalmaður aðalmaður
Umhverfis- og framkv. nefnd	Árni Kristinsson Guðrún Ragna Einarsdóttir Ágústa Björnsdóttir Esther Kjartansdóttir Páll Sigvaldason	formaður aðalmaður varaformaður aðalmaður aðalmaður
Íþrótt- og tómstundanefnd	Adda Birna Hjálmarsdóttir Jóhann Gísli Jóhannson Rita Hvönn Traustadóttir	formaður varaformaður aðalmaður
Jafnréttisnefnd	Kristín M. Björnsdóttir Aðalsteinn Jónsson Pórarinn Páll Andrésson	formaður varaformaður aðalmaður
Náttúruverndarnefnd	Pórhildur Pöll Pétursdóttir Leifur Þorkelsson Björn Hallur Gunnarsson	formaður varaformaður aðalmaður
Stjórn Hitaveitu Egilsst. og Fella	Gunnar Jónsson Skúli Björnsson Guðbjörg Björnsdóttir Karl Lauritzson Gunnhildur Ingvarsdóttir	formaður varaformaður aðalmaður aðalmaður aðalmaður





Hjúkrunarheimilið Dyngja

